

## FRÉTTIR LÍÐANDI MÁNAÐAR

### STYRKJAÚTHLUTANIR Í BROTHÆTTUM BYGGÐUM

#### Öxarfjörður í sókn


Á dögnum var úthlutað til verkefna í Öxarfirði í sókn rúmum 13,5 milljónum.

Í matsnefnd að þessu sinni sátu eftirfarandi aðilar: Ari Páll Pálsson, Eva Pandora Baldursdóttir og Reinhard Reynisson. Til ráðstöfunar voru 13.570.000 kr, alls bárust 23 umsóknir og ákveðið að styrkja 12.

Eftirfarandi verkefni verða styrkt að þessu sinn og óskar SSNE styrkþegum til hamingju.

- Rófurækt á Presthólum
- Kjötvinnsla í Árdal
- Hestatengd ferðaþjónusta á Meiðavöllum
- Framtíð í fjárhúsi í Kelduverfi
- Bakkaböðin
- Ræktun á Austursandi í Öxarfirði
- Tækifæri við Vegginn í Kelduverfi?
- Áframhaldandi uppbygging á Bjarnastöðum
- Mórúnir-jurtalitun og handverk
- Gamla verkstæðishúsið á Kópaskeri
- Sólstöðuhátíðin á Kópaskeri
- Sparifé-pylsur og beikon

**Allar nánari upplýsingar  
má finna á [SSNE.is](http://SSNE.is)**



#### Glæðum Grímsey



Umsóknarfresti í sjóð byggðaþróunarverkefnisins Glæðum Grímsey lauk þann 15. maí síðastliðinn. 10 umsóknir bárust verkefnastjóra og er unnið að því þessa dagana að fara yfir umsóknir. Stefnt er á úthlutun styrkja á næstu vikum, eða eftir lokafund verkefnastjórnar.

### AUKAÚTHLUTUN SÓKNARÁÆTLUNAR

#### Á dögnum var úthlutað 42,1 m.kr. í verkefni til að efla atvinnulífið

Þann 20. apríl sl. auglýsti SSNE eftir hugmyndum að áhersluverkefnum fyrir árið 2020. Um var að ræða viðbótarfjármagn af hálfu ríkisins sem veitt var í sóknaráætlanir landshluta, sem og aukið fjármagn samtakanna, vegna áhrifa Covid-19 á samfélagið. Heildarfjárhæð til úthlutunar var 42,1 m.kr.

Óskað var eftir hugmyndum um atvinnuskapandi verkefni á sviði nýsköpunar-, atvinnuþróunar-, menningar- eða umhverfismála, sem gætu hafist sem allra fyrst.



Alls bárust 109 umsóknir og var samtals sótt um rúmar 370 m.kr. Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs lagði til að 37 verkefni hlytu styrk vegna aukaúthlutunarinnar og var tillagan samþykkt af stjórn SSNE. Listi yfir verkefni verður birtur í byrjun næstu viku og þau kynnt í framhaldi af því.

#### Íslandsstofa vinnur að aðstoð við útflutningsfyrirtæki

Íslandsstofa hefur sett af stað vinnu til að greina þörf aðstoðar við útflutningsfyrirtæki varðandi það ástand sem hefur myndast vegna Covid-19. Starfsmenn stofunnar settu sig í samband við starfsfólk SSNE og mun það aðstoða við að finna þau fyrirtæki sem í útflutningi eru á svæðinu og móta leiðir til að vera í samskiptum við þau.

## KYNNING Á VERKEFNI

### GLÆÐUM GRÍMSEY

Verkefnið er hluti af Brothættum byggðum og eitt þriggja slíkra verkefna á svæðinu

Glæðum Grímsey er nafn á byggðaþróunarverkefni sem hleypt var af stokkunum árið 2015. Nafngiftin kom frá íbúum sjálfum og kom fram á íbúafundi í Múla sem haldinn var í maí 2016.

Margt var rætt á íbúapöngunum. Þar vóg þungst umræða um sjávarútveg, að auðvelda kynslóðaskipti í greininni með því að fá aflamark fyrir ungt fólk og að styrkja þær atvinnugreinar sem fyrir eru. Þá skoraði einnig hátt í mikilvægisröðinni umræðan um það hvernig fjölga megi íbúum og fá ungt fólk til að búa í Grímsey. Sjávarútvegur er grundvöllur búsetu og aðalatvinnuvegur Grímseyinga og hefur verið frá upphafi byggðar í eyjunni.

Verkefnisstjóri var ráðinn strax í upphafi verkefnis og vann hann í samstarfi við stjórn verkefnisins að stefnumótun, framtíðarsýn og markmiðum fyrir verkefnið út frá niðurstöðum fyrrnefnds íbúapöngs. Í lok árs 2016 voru drög að stefnumótun kynnt fyrir íbúum á vel sóttum fundi. Í dag er Karen Nótt Halldórsdóttir verkefnisstjóri Glæðum Grímsey en hún hefur setið í verkefnastjórn frá upphafi og tók við verkefnisstjórn í mars 2020. Öll verkefni brothættra byggða á Norðausturlandi eru hýst hjá SSNE. Í verkefnisstjórn sitja fulltrúar Byggðastofnunar, Akureyrarkaupstaðar, SSNE og íbúa.

Verkefnið byggir í grunninn á þremur meginmarkmiðum og undir þeim eru svo skilgreind 34 tímasett starfsmarkmið. Meginmarkmiðin eru:

- Sterkur grunnatvinnuvegur
- Þróttmikið og samheldið samfélag
- Einstakur staður

Árlega eru veittir verkefnastyrkir og stuðningur á vegum Glæðum Grímsey til þróunarverkefna og annarra samfélagsefandi verkefna í eyjunni.



Í Grímsey er verslun, tvö gistiheimili, veitingastaður, handverkshús, kaffihús, sundlaug, félagsheimili og tjaldsvæði. Þjónusta við ferðamenn fer vaxandi. Fastar flugferðir eru til eyjunnar frá Akureyri og skipsferðir með ferju frá Dalvík.

Frábær áfangastaður í sumarfríinu!

## SVIÐSSTJÓRI ATVINNU- OG BYGGÐAÞRÓUNAR RÁÐINN

Baldvin Valdemarsson mun verða með starfsstöð á Húsavík sem nýráðinn sviðsstjóri atvinnu- og byggðaþróunar

Baldvin hefur starfað sem verkefnastjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar frá árinu 2012 þar sem hann gegnir fjölbreyttum verkefnum, s.s. verkefnum tengdum sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, rekstrarráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri auk virkrar þátttöku í vinnu við innviðagreiningu fyrir Norðurland eystra. Þar á undan gegndi hann fjölbreyttum stjórnendastörfum, m.a. sem framkvæmdastjóri Slippsins og við eigin atvinnurekstur. Baldvin hefur því yfirgripsmikla þekkingu og reynslu úr atvinnulífinu, reynslu á sviði rekstrar og stjórnunar og af atvinnuþróun og nýsköpun. Auk þess hefur hann langa reynslu af þátttöku í samfélags- og sveitarstjórnarmálum. Baldvin er með Cand.Oecon gráðu frá Háskóla Íslands.



### SSNE tók þátt í samtali um Norðurslóðir

SSNE tók þátt í heimsókn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, Utanríkisráðherra Íslands, Starfshóps um efnahagsþróun á Norðurslóðum og Þingmannanefndar um endurskoðun á norðurslóðastefnu Íslands 27. maí sl. Mikil vinna á sér stað núna um endurskoðun stefnu stjórnvalda og einnig gerð aðgerðaráætlunar.



Mjög gott samtal átti sér stað við hópinn, en á hann mættu fulltrúar sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana á svæðinu. SSNE var með mikla aðkomu í skipulagi og utanumhaldi við fundinn. Sjónarmið svæðisins komust vel á framfæri og var mikill samhjúmur í fundafólki.

## SAMTALIÐ

### Ágrip frá framkvæmdastjóra

Eins og fram hefur komið liggur það fyrir að Baldvin Valdemarsson tekur við starfi sviðsstjóra atvinnu- og byggðapróunar hjá SSNE. Ráðgert er að hann færi sig um set 1. september og verður þá með starfsstöð á Húsavík. SSNE mun á næstunni auglýsa starf verkefnastjóra á Akureyri í þá stöðu sem þá losnar. Það er óhætt að segja að mjög spennandi tímar eru framundan hjá okkur.

Árþingi SSNE, sem í eðlilegu ástandi hefði átt að halda í apríl, var frestað til haustsins vegna samkomutakmarkana af völdum Covid-19. Stjórn SSNE hefur ákveðið að árþingið skuli haldið 25. og 26. september. Þingið verður haldið í Eyjafjarðarsveit en nákvæmari upplýsingar verða sendar þingfulltrúum, og öðrum sem býðst að sækja þingið, innan ekki langs tíma.

Ég vil vekja athygli á því að við höfum tekið upp ný símanúmer og eru þau á heimasíðunni okkar, <https://www.ssne.is/> Þar er einnig að finna bein númer einstakra starfsmanna undir „Um SSNE – Starfsfólk“. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur nýju númerin og aðrar gagnlegar upplýsingar sem heimasíðan hefur upp á að bjóða. Um leið minni ég á Facebook síðuna okkar: <https://www.facebook.com/SSNordurlandEystra>

Eimur er samstarfsverkefni sem snýr að bættri nýtingu orkuauðlinda og aukinni nýsköpun í orkumálum á Norðurlandi eystra. Að verkefninu standa Landsvirkjun, Norðurorka, Orkuveita Húsavíkur og SSNE. Auk þess eru Íslenski jarðvarmaklasinn og Íslenski ferðaklasinn aðilar að verkefninu, sjá heimasíðu Eims: <https://www.eimur.is/> Nú er Eimur að auglýsa tvær mjög áhugaverðar fastar stöður til þriggja ára og sumarstörf fyrir komandi sumar. Gert er ráð fyrir að fastir starfsmenn Eims verði með aðstöðu í húsnæði SSNE á Akureyri og/eða á Húsavík og hlökkum við til samstarfsins og að fá félagsskap þeirra þegar þar að kemur. Þjónstusamningur á milli Eims og SSNE þar um er í vinnslu.

Starfsemin okkar er að mótast hratt og örugglega. Hluti af mótun starfseminnar er vettvangur fyrir upplýsingamiðlun framkvæmdastjóra til stjórnar. Stjórn hefur falið framkvæmdastjóra að leggja fram á þriggja mánaða fresti 90 daga áætlun um helstu verkefni og minnisblað um framvindu verkefna. Á 10. stjórnarfundum SSNE, 2. júní sl., var fyrsta formlega áætlun framkvæmdastjóra lögð fram ásamt minnisblaði. Hægt er að nálgast þessar upplýsingar í tenglum inni í fundargerð fundarins: <https://www.ssne.is/is/fundargerdir/stjorn-ssne/fundargerð-stjorn-ssne-10-fundur-2-juni-2020>

Nú þegar losnar um ferðahömlur mun framkvæmdastjóri leggja sig fram um að fara um svæðið eftir því sem tækifæri gefast og tími vinnst til. Ég er ákaflega þakklátur fyrir þær góðu móttökur sem ég hef fengið hvar sem ég hef komið, mjög gagnlegt samtal og ég hlakka mikið til að hitta fleiri aðila og einstaklinga á svæðinu.

Með kærri kveðju  
Eyþór Björnsson

## RARIK HREINSAR TIL

### Rarik hefur framkvæmdir á Norðausturlandi

RARIK hefur hafið hreinsunarstarf eftir óveðrið sem gekk yfir landið í desember. Það verða alls lagðir 61 km af jarðstrengjum í sumar á Norðurlandi eystra, þetta er hluti af flýttiverkefnum vegna afleiðinga óveðursins. Að auki verður lagður 21 km í jörð á Tjörneshöfði. SSNE fagnar þessum mikilvægu framkvæmdum sem nú eru að fara í gang.



## STEFNUMÓTUN

### Starfsfólk SSNE kom saman og vann að stefnumótun samtakanna

Starfsfólk SSNE kom saman á Fosshótel Húsavík fimmtudaginn 28. maí til að vinna að stefnumótun samtakanna. Farið var í gegnum samþykktir félaganna sem sameinuðust, Sóknaráætlun landshlutans og Byggðaáætlun til að finna þær sameiginlegu línur sem eru þar. Einnig var unnið að starfsáætlun samtakanna og sett niður markmið. Vinnan mun halda áfram 3. júní.

## COVID UPPLÝSINGASÍÐA

Starfsfólk SSNE tók saman upplýsingasíðu miðaða að atvinnurekendum varðandi úrræði ríkis, sveitarfélaga og annarra stofnana til að koma til móts við rekstrarvanda sem skapast getur vegna Covid. Markmiðið er ekki að endurskrifa allt það efni sem til er á netinu heldur að vera veita inn á viðeigandi úrræði. Síðuna má finna [hér](#).